



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2021

2011055A GB  
Málalykill: 01.42

### **Efni: Umsögn um Hvítbók um byggðamál, mál nr. 115/2021**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt þar sem óskað er eftir umsögnum um hvítbók um byggðamál – drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára. Jafnframt vísast til umsagnar sambandsins, dags. 25. janúar 2021 um grænbók um sama málefni.

#### **Almennt**

Í umsögn sambandsins um grænbók um byggðamál kemur fram afar jákvæð afstaða til vinnubragða sem viðhöfð hafa verið við mótun og endurskoðun byggðaáætlunar. Samstarf þvert á ráðuneyti ásamt sterkri aðkomu sveitarstjórnarstigsins hefur skilað auknum gæðum við mótun og eftirfylgd stefnunnar. Í umsögninni var m.a. kallað eftir aukinni áherslu á menntamál í næstu byggðaáætlun. Afar ánægjulegt er að sjá að þau markmið hafa gengið eftir og er tilefni til að þakka mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun fyrir gott samstarf um mótun aðgerða á því málefna sviði.

Í umsögn um grænbókina kallaði sambandið einnig eftir því að við endurskoðun byggðaáætlunar verði skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að vinna að orkuskiptum í samgöngum, bættu orkuöryggi um allt land og bættri meðhöndlun úrgangs. Einnig er tilefni til að benda á þörf fyrir rannsóknir á aðstæðum aldraðs fólks eftir búsetu og hvort mismunandi þjónustustig í þeim málaflokki hafi áhrif á búsetuval. Flestar þessar áherslur hafa skilað sér inn í hvítbókina, en tilefni er til að óska eftir því að öldrunarmálum verði einnig fundinn staður í endanlegri þingsályktunartillögu.

Í kafla um samfélagsleg áhrif kemur fram skýr sýn á tilgang byggðaáætlunar og þau meginmarkmið sem þar eru sett fram, þ.e. að:

1. jafna aðgengi að þjónustu
2. jafna tækifæri til atvinnu og
3. stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt

Framsetning stefnunnar er skýr og að álit sambandsins eru tillögur almennt raunhæfar og í ágætu samhengi við aðra stefnumótun stjórnvalda. Á þessu stigi þarf þó að hafa þann almenna fyrirvara að í hvítbókinni koma ekki fram upplýsingar um kostnað og fjármögnun einstakra aðgerða.

Sem fyrr bindur sambandið vonir við að sú endurskoðun sem nú stendur yfir leiði til þess að byggðaáætlun verði enn markvissara tæki til að stuðla að jákvæðri

byggðapróun. Æskilegt væri að þessari vinnu ljúki fyrir alþingiskosningar á komandi hausti því ella er hættu á að verkefnið dragist fram á næsta ár.

### **Ábendingar við drög að aðgerðaáætlun**

#### *A.3 Bráðaviðbragð neyðarþjónustu*

Fullt tilefni er til að bæta slökkviliðum inn í upptalningu þeirra viðbragðsaðila sem aðgerðin tekur til. Ljóst er að tækifæri eru til þess að auka samhæfingu neyðarþjónustu og leggur sambandið sérstaka áherslu á þann ávinning fyrir öryggi almennings sem getur falist í samrekstri sjúkraflutninga og brunavarna. Um þetta atriði vísast til [umsagnar sambandsins](#) um aðgerðaáætlun fyrir bráðarþjónustu og sjúkraflutninga. Að áliti sambandsins er það mikilvægt byggðamál að efla slökkviliðin um allt land. Hefur sambandið lagt til að unnin verði grænbók um þetta málefni og er sú hugmynd nú til skoðunar hjá félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

#### *A.5 Fjarheilbrigðisþjónusta*

Að áliti sambandsins er ástæða til að bæta sveitarfélögum inn í upptalningu samstarfsaðila og er vert að minna á að heilbrigðisstarfsmenn vinna ekki eingöngu hjá ríkinu heldur t.d. hjá sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum. Aðgengi skólustofnana að sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki er afar misjafnt og mikil sóknarfæri felast í því að þróa fjarheilbrigðisþjónustu til að jafna aðgengi, ekki síst í leik- og grunnskólum. Nokkurt samstarf hefur verið milli heilbrigðisráðuneytisins, Embættis landlæknis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta málefni en vinna mætti ganga hraðar.

#### *A.10 Almenningsamgöngur milli byggða*

Hér er um mikilvæga aðgerð að ræða en liður í því að greiða götu þessa verkefnis er að lögð verði vinna í að bæta lagalega umgjörð almenningsamgangna. Að áliti sambandsins er mikilvægt að sett verði sérstök lög um almenningsamgöngur á vegum sveitarfélaga, í stað þess að um þær gildi lög um farpegaflutninga og farmflutninga á landi eins og nú er raunin, þar sem lítt greinarmunur er gerður á almannarþjónustu og starfsemi einkaaðila.

#### *B.11 Nýting menningarminja og C.9 Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar*

Að áliti sambandsins er tilefni til að tengja þessar tvær aðgerðir við áfangastaðaáætlanir landshluta ásamt Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Tilefni er til þess m.a. að auka samstarf á milli Minjastofnunar og áfangastaðastofa til að fjölga umsóknum um styrki af landsáætlun og frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Einnig eru augljós sóknarfæri í að fjölga umsóknum um merkingu gönguleiða og fleiri verkefna sem ekki síst gætu nýst á svæðum þar sem æskilegt væri að fjölga komum ferðamanna.

### **Lokaorð**


Vert er að lokum að undirstrika enn betur ánægju Sambands íslenskra sveitarfélaga með það mikla samráð sem haft hefur verið um gerð hvítbókarinnar við sambandið, landshlutasamtök sveitarfélaga og fjölmarga aðra aðila. Sú jákvæða þróun sem einkennt hefur gerð byggðáætlunar á síðustu árum ætti að vera til eftirbreytni

fyrir önnur stjórnvöld. Vönduð vinnubrögð og ríkur vilji til samráðs auka án efa líkur á að aðgerðir verði framkvæmdar enda hefur myndast mjög breitt ábyrgðar- og eignarhald á áætluninni með þessu verklagi.

Segja má að hvítbókin einkennist af enn meiri breidd verkefna en áður hefur sést í byggðaaætlun, ásamt framsýni þar sem m.a. er lögð áhersla á að nýta þá innviði sem þegar hafa verið byggðir með lagningu ljósleiðar um allt land til frekari sóknar. Eins og ávallt eru þó enn möguleikar á að gera tillöguna enn betri en heilt yfir lýsir sambandið mikilli ánægju með skjalið en þó með þeim fyrirvara að skýra þarf betur fjármögnun einstakra aðgerða.

Eins og sjá má af því sem fram kemur í umsögn þessari er Samband íslenskra sveitarfélaga reiðubúið til frekari aðkomu að gerð endanlegrar þingsályktunartillögu um byggðamál.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri